Líf & fjör

Vattteppi Rósu Kristínar


Athöfnin að breiða teppi yfir einhvern felur í sér hlýju og umhyggju, segir Rósa Kristín Júlíusdóttir, en kynning á verkum hennar verður opnuð í Samlaginu listhúsi á Akureyri laugardaginn 30. október.

Rósa Kristín útskrifaðist frá listaakademíunni í Bologna á Ítalíu árið 1972, úr málunardeild. Hún hefur fundið listsköpun sinni farveg í textíl án þess þó að skilja alfarið við málaralistina, en verk hennar eru máluð vattteppi.



Samlagið er opið frá kl. 14 til 18 alla dag nema mánudaga.

Grafík í mynd



Verk eftir Rembrand, Goya, Gauguin, Chagall og Manet eru meðal verka á sýningunni Grafík í mynd sem opnuð verður að Kjarvalsstöðum í dag, 29. október. Þar eru einnig mörg ný verk eftir innlenda og erlenda grafíklistamenn og listamenn sem þekktari eru fyrir að nota aðra miðla en hafa þó nýtt sér tækni grafíklistar. Sögulegi hluti sýningarinnar kemur frá Listasafninu í Bergen. Sýningin var unnin í samstarfi við félagið Íslenska grafík. Hún verður opnuð kl. 20.00 í kvöld og verður opin til 19. desember, alla daga frá klukkan 10.00 - 18.00.

Í landi birtunnar

Listasafn Íslands opnar sýningu kl. 17.00 í dag, 29. október sem ber heitið Í landi birtunnar með myndum sem Ásgrímur Jónsson málaði á ferðum sínum um Skaftafellssýslur sumrin 1910-12 og 1927. Listamaðurinn var mjög snortinn af hinu einstæða landslagi, víðum sjóndeildarhring og birtunni sem stafar af jöklunum. Á sýningunni í Listasafninu eru um 40 myndir, flestar unnar með vatnslitum og hafa ekki verið sýndar á opinberum vettvangi í áratugi. Vegleg bók með grein um þennan myndaflokk í list Ásgríms er gefin út í tilefni sýningarinnar.





NÝHERJI
Skaftahlíð 24 • Sími 569 7700
Slóð: www.nyherji.is

IBM

IBM 300PL. Þessi vél er búin bestu netumsjónarkerfum sem til eru og eru þau hönnuð í samvinnu við Intel. Örgjörvi: PIII 450MHz, 64MB vinnsluminni, 6,4GB harður diskur, 10/100 ethernetkort, hljóðkort, Scrollpoint mús og vandað lyklaborð. Hugbúnaður: NT Workstation, Smartsuite Millenium, Norton Antivirus, Smart reaction, Configsafe, LCCM til uppsetningar yfir netkerfi og Alert on lan öryggiskerfi. Og verðið kemur á óvart.

TILBOÐ

Svínalundir á tilboði 1.149,- kr. kg.
Nýtt: Léttreyktar svínalundir 1.149,- kr. kg.
Kalkúnn 2. fl. 599,- kr. kg.

KEA HRÍSALUNDUR
- fyrir þig!